



Berndtsson
11. júlí 2002

Hr. Björgólfur Thor Björgólfsson
Kjöræðismaður Íslands í Pétursborg

Levi Björgólfsson

Ég færi þér innilegar þakkir fyrir þinn mikla þátt í undirbúningi og framkvæmd opinberrar heimsóknar minnar til Rússlands, hinnar fyrstu sem íslenskur forseti fer til landsins. Heimsóknin tókst í alla staði frábærlega vel, hvarvetna var okkur mætt af opnum huga, örlæti og velvild. Viðræður okkar við rússneska ráðamenn voru hreinskilnar og árangursríkar og sýndu vinarþel og djúpan skilning þeirra á stöðu okkar Íslendinga og úrlausnarefnum í samskiptum þjóðanna. Þar kom og fram ríkur áhugi á því að efla enn frekar samvinnu þjóðanna á sviði viðskipta og treysta menningartengslin.

Ég vil sérstaklega þakka þér fyrir hlýjar viðtökur í Pétursborg, einstakt framlag til þess að koma á framfæri sýningu um líf og starf Halldórs Kiljan Laxness sem opnuð var í háskólanum á aldarafmæli skáldsins, glæsilega móttöku sem ræðisskrifstofan bauð til og alla þá miklu og óeigingjörnu vinnu sem þú, Magnús Þorsteinsson og Anna Meleshina lögðu í undirbúning heimsóknarinnar til Pétursborgar.

Heimsóknin staðfesti nýja tíma í samskiptum Rússa og Íslendinga á öllum sviðum. Á vettvangi viðskipta eiga þú og aðrir frumherjar ríka hlutdeild í glæsilegri sókn íslenskra fyrirtækja og rússneskra samstarfsaðila þeirra á fjölmörgum sviðum atvinnulífs í Rússlandi. Nægir þar að nefna iðnað, flutninga, ferðaþjónustu, jarðhita og hátækni að ótöldum sjávarútvegi en þar stendur samvinna þjóðanna á gömlum merg.

Það var eftirminnilegt að koma í hina glæsilegu verksmiðju ykkar í Pétursborg og kynnst af eigin raun því djarfa viðskiptaafreki sem þið hafið unnið við uppbyggingu þeirrar starfsemi. Sú þrautseigja og einbeitni



sem birtist í þátttöku ykkar í rússnesku viðskiptalífi, stundum á viðsjárverðum tímum, er einstakt fordæmi öllu því unga fólki sem hyggur á landvinninga í atvinnulífi og viðskiptum.

Ég vil biðja fyrir góðar kveðjur til Magnúsar Þorsteinssonar samstarfsmanns þíns og Kristínar konu þinnar um leið og ég þakka fyrir fróðlegar og skemmtilegar samverustundir í Rússlandi.

Lífur Lífur
Ólafur Þorsteinsson